

LÖG

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og fleiri lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilgrein staðgreiðslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
- b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattranssóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirsattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattranssóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattranssóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattranssóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 29. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattranssóknarstjóra.

II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

3. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 40. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
- b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 28. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

III. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt,
með áorðnum breytingum.**

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 110. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
- b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um skatta samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

IV. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með áorðnum breytingum.

6. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 19. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
- b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skatranssóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skatranssóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skatranssóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skatranssóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 4. mgr. 18. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skatranssóknarstjóra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.